

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2012

2012/EES/70/19

frá 28. september 2012

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 580/2011 frá 8. júní 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu að því er varðar starfstíma hennar ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 R 0580**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 580/2011 frá 8. júní 2011 (Stjtið. ESB L 165, 24.6.2011, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 580/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 24.6.2011, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.